

Nd.

139. Nefndarálit

[2. mál]

um frv. til 1. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á sildarbræðsluskipi.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Við afgreiðslu þessa máls í nefndinni varð raunar ekki ágreiningur um niðurstöðu málsins, því að þar sem búið er að kaupa Hæring, greiða hann, framkvæma stórbreytingar bæði erlendis og hér heima, kemur að sjálfsögðu ekki til greina að neita um innflutning skipsins. Allir nefndarmenn eru sammála um þetta, og því var raunar ekki ástæða til að skila tveim nefndarálitum. Ástæðan fyrir því, að svo varð, er sú, að framsögumaður meiri hlutans (FJ) vildi ekki fallast á að taka upp í sam-eiginlegt nefndarálit rökstuðning fyrir fyrirvara mínum, og því varð það úr, að nefndarálitin urðu tvö.

Skip það, sem með lögum þessum á að veita innflutningsleyfi fyrir, er 45 ára að aldri og eftir því sem skipaskoðunarstjórinn upplýsir, hið langelzta, sem nokkurn tíma hefur verið flutt til landsins. Bendir skipaskoðunarstjórinn á, að Súðin, en kaupin á henni hafa löngum verið þrætuepli vegna þess, hve gamalt skipið var, hafi þó ekki verið nema 25 ára, þegar hún var keypt, og lýsir furðu sinni á því, að ekki skuli hafa verið hægt að finna annað heppilegra skip en þetta 45 ára fljótaskip á öðrum hjara heims. Þessi ummæli skipaskoðunarstjórans sýna, að hann telur kaupin á Hæring mjög varhugaverð, og er það vissulega alvörumál, þegar ráðizt er í kaup eins og þessi, að stofna þannig til þeirra, að beztu fagmenn okkar séu ekki hafðir með í ráðum.

Samgöngumálaráðherra virðist og vera í vanda staddur, er hann leyfir innflutninginn, eftir að bráðabirgðalögin voru sett, því að hann bindur innflutningsleyfið þeim skilyrðum, að í skipið verði sett sildarbræðslutæki og það eingöngu notað til sildarvinnslu í höfnum inni. Þessi skilyrði virðast benda til þess, að samgöngumálaráðherra telji skipið ekki með þeim styrkleika, að hægt sé að nota það sem skip að öllu leyti, enda munu þessi skilyrði, ef framfylgt verður, valda því, að skipið verði vart notað utan Reykjavíkur. Fyrir Norðurlandi er varla um aðrar hafnir að ræða en Akureyri og Siglufjörð fyrir svona stórt skip, en skipið kæmi að litlum notum á þeim stöðum.

Ég tel, að kaupin á Hæringi séu mjög hæpin. Í stað þess að kaupa svona afgangamt skip, jafnvel þótt klössun hafi fengizt á það, hefði átt að kaupa sterkt skip, sem hægt hefði verið að nota hvar sem er við landið þar, sem sild veiðist, en sé ekki algerlega bundið við að liggja í höfnum inni. Eftir því sem ég hef komizt næst, var mjög lítið leitað að skipum, áður en fest voru kaup á Hæringi. Það virtist fyrir fram ákveðið, að önnur skip kæmu ekki til mála en þau, sem Jón Gunnarsson hefði á hendinni, af hvaða orsökum sem það stafar. Kaupin á Hæringi virðast ráðin að lítt athuguðu máli, þó að of seint sé nú að leiðrétta mistökin.

Undirbúningur allur undir kaupin á Hæringi, kaup á vélum og niðurstetningu þeirra er mjög fálmkennður. Forustumenn þessa fyrirtækis og máls þessa yfirleitt, þeir Sveinn Benediktsson og Jóhann Hafstein, virðast hafa lagt allt kapp á, að þeir fengju að ráða öllu einir í þessu máli, og hafa forðazt að leita álits hinna færustu manna í sildariðnaðinum. Engin fullkomin rannsókn hefur farið fram á því, hvernig bezt væri að haga rekstri svona verksmiðjuskips og þá hvernig skipi og útbúnaði þess skyldi hagað, til þess að það kæmi að sem beztum notum. Því síður hefur það verið rannsakað, hvort hægt væri að haga skipinu þannig, að hægt væri að nota það til fleira en sildarbræðslu. Slík rannsókn átti vitanlega að fara fram og framkvæmast af beztu fagmönnum, sem þjóðin á á sviði sildarbræðsluiðnaðar og sjávarútvegsiðnaðar yfirleitt. Í stað þess hafa forustumenn Hærings sniðgengið þekktu fagmenn og bolazt í þessu máli einir, að undanteknu því, að umsagnir Jóns Gunnarssonar, sem „hafði skipið á hendinni“, eru teknar sem óvefengjanlegar goðsagnir.

En þrátt fyrir það að allur undirbúningur þessa máls sé ófullkominn og fálmandi, þá verður að vona, að vel takist, því að nú er orðið of seint að lagfæra það, sem betur hefði mátt fara, ef aðgerðir í þessu máli hefðu verið byggðar á vönduðum rannsóknum fagmanna.

Með tilvísun til þess, sem ég sagði í upphafi þessa nál., legg ég til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 23. nóv. 1948.

Áki Jakobsson.